

Dreifibréf

Reykjavík, 31. mars 2021
Tilvísun: OS2021030044/10.4**Efni: Ákvörðun um val á söluaðila til þrautavara fyrir tímabilið 1. maí 2021 til 31. október 2021**

Orkustofnun hefur það hlutverk samkvæmt 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 að velja söluaðila til þrautavara í samræmi við leiðbeiningar sem stofnunin setur á grundvelli reglugerðarinnar.

Lægsta birta meðalverð raforkusala á tímabilinu september 2020 til febrúar 2021 var hjá raforkusölu-fyrirtækinu Íslenskri orkumiðlun ehf. krónur 7,15 á hverja kWh. samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrirtæki	Birt meðalverð til heimila sept. 2020 - feb. 2021	Magn í kWh.	Kostnaður við raforkukaup	Kostnaður við raforkuviðskipti	Kostnaður alls
Íslensk orkumiðlun ehf.	7,15	2.250	16.088	0	16.088
Orka heimilanna ehf.	7,30	2.250	16.425	0	16.425
Orkubú Vestfjarða ohf.	7,30	2.250	16.425	0	16.425
Fallorka ehf.	8,10	2.250	18.225	0	18.225
Orka náttúrunnar ohf.	8,10	2.250	18.225	0	18.225
HS Orka hf.	8,11	2.250	18.248	0	18.248
Orkusalan ehf.	8,15	2.250	18.330	0	18.330

Ákvörðunarorð

Í samræmi við 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 1150/2019 tilkynnist hér með að raforkusali til þrautavara á tímabilinu 1. maí 2021 til 31. október 2021 er Íslensk orkumiðlun ehf.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækis eða dreifiveitu sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Virðingarfyllt,


Guðmundur I Bergþórsson
Hanna Björg Konráðsdóttir